

LOVE3SR05

Kennari: Daníel Freyr Jónsson

Leiðbeinandi: Kristjana Pálsdóttir



Sjálfræði

Júlí Blær Austfjörð
Gígja Ský Blómfeld
Vorönn 2022

Efnisyfirlit:

1. Inngangur	2
2. Hvað er sjálfræði?	2
3. Sjálfræði og menntun	4
3.1 Sjálfræði nemenda	5
3.2 Faglegt sjálfræði kennara	6
4. Sjálfræði og gott líf	8
5. Lokaorð	10
Heimildaskrá	12

1. Inngangur

Flest tengjum við sjálfræði við sjálfræðisaldurinn. Við átján ára aldur öðlumst við lagalegt sjálfræði og eigum frá þeim tíma að bera ábyrgð á sjálfum okkur og gjörðum okkar. Sjálfræði í þessum skilningi er einungis skilgreining á lagalegri stöðu, við erum annað hvort sjálfráða eða ekki, ef við skoðum einungis þessa merkingu hugtaksins skiptir engu máli hvaða eiginleikum einstaklingur þarf að búa yfir til að geta verið sjálfráður eða hvaða forsendur eru nauðsynlegar fyrir raunverulegu sjálfræði.

Lagalega orðið sjálfræði á því við um ástand en ekki eiginleika. Eiginleikinn sjálfræði er hins vegar frábrugðinn lagalega hugtakinu. Fólk getur búið yfir þessum eiginleika í mismunandi mæli og verið mis fært til að vera sjálfrátt. Til að geta notað sjálfræðið sjálfum sér í hag verður það að búa yfir ákveðnum hæfileikum.

Í því sambandi er eðlilegt að athuga hvort hægt sé að kenna sjálfræði og hvort slík kennsla hafi tilgang eða búa einstaklingar sjálfir yfir nauðsynlegum hæfileikum til að öðlast eiginleikann sjálfræði upp á eigin spýtur. Líklegt má telja að nauðsynlegt sé hverjum einstaklingi að búa yfir sjálfræði til að geta lifað góðu lífi.

2. Hvað er sjálfræði?

Sjálfræði er íslenskun á fræðiheitinu *Autonomy*. Eins og mörg önnur fræðiheiti er það komið úr grísku en þar var það notað um borgríki sem réðu sér sjálf, þar sem íbúarnir settu sín eigin lög. Orðið var einnig notað um fólk sem fór eftir eigin samvisku og eigin hugmyndum um rétt og rangt frekar en ytri valdboðum. Orðið er sett saman úr orðunum *Autos* sem merkir sjálf og *Nomia* sem eru lög, siðir eða reglur. *Autonomy* felst þá í því að gjörðir einstaklingsins stjórnist af hans eigin innri reglum (Dearden, 1972, bls. 448). Þannig má segja að hin sjálfráða manneskja hafi sjálf mótað sér afstöðu, hugmyndir, siðferði og gildismat sem hún fer eftir og byggir ákvarðanir sínar á.

Immanuel Kant telur einnig að sjálfræði felist í því að gjörðir okkar séu háðar siðferði sem við byggjum á eigin hyggjuviti og getum samþykkt sem algildar reglur (Dearden, 1972, bls. 448). Þetta kallast skilyrðislaus skylduboðorðið og felst í því

að það sem skynsöm manneskja samþykkir sem lífsreglur eða siðferðislegar skuldbindingar eru reglur sem hún telur að eigi að vera algildar og fer því eftir jafnvel þegar betra væri að brjóta þær. Þetta geta verið reglur eins og að stela ekki, að vera heiðarleg eða að vera hjálpsöm. Skynsemisvera fer ekki eftir þessum reglum vegna eigin hagsmuna heldur vegna þess að hún sér að það er allra hagur að reglurnar séu algildar.

Efast má um þessa hugmynd Kants þar sem hún byggir á því að til sé algildur sannleikur, algild regla, sem eigi alltaf við allsstaðar. Veruleikinn er flóknari en svo að hægt sé að samþykkja það undantekningarlaust. Hin skynsama manneskja getur komist að þeirri niðurstöðu að meira að segja frá reglunum um að stela ekki, vera heiðarleg og hjálpsöm séu undantekningar, að ákveðnar aðstæður beinlínis krefjist þess að siðferðilega rétt hugsandi manneskja brjóti þessar reglur.

Jean Piaget sækir skilning sinn á hugtakinu sjálfræði í smiðju Kants. Hann telur sjálfræðið fólgið í að samþykkja ekki reglu vegna ytra áhrifavalds heldur vegna sjálfstæðs eigin samþykkis um að reglan hafi gildi í sjálfu sér (Dearden, 1972, bls. 449–450). Þetta er sambærilegt skilyrðislausu skylduboðorðinu en ekki jafn ströng krafa, því reglan þarf ekki að vera algild. Í þessu felst ekki endilega að hin sjálfráða manneskja verði að hafa sett sér sínar eigin reglur heldur er nóg að hún hafi samþykkt ytri reglur. Reglurnar verða þó að hafa verið meðteknar (e. internalized) til að hægt sé að tala um sjálfræði, að ekki þurfi lengur ytra valdboð til að reglunni sé framfylgt heldur fylgi fólk henni sjálft af eigin innri hvöt. Vel getur þó verið að meðtekin regla hafi verið innrætt af öðrum án raunverulegs sjálfstæðs samþykkis þess sem meðtók regluna.

Hvort sem við aðhyllumst skilgreiningu Kants eða Piaget, eða lítum frekar til merkingarinnar sem felst í uppruna orðsins Autonomy, þá er ljóst að sjálfræði byggir á grunnþáttum um að manneskjan sé sjálfráð gjörða sinna og ástæðurnar fyrir gjörðunum séu manneskjunnar sjálfrar. Sjálfræði byggir því á þremur atriðum:

1. Skynsemi, þ.e. að geta vegið og metið ástæður og afleiðingar mismunandi ákvarðana og hvað hefur áhrif á þær.
2. Stjórn á eigin gerðum, þ.e. að hafa raunverulegt val um ákvarðanir.
3. Að ástæða ákvörðunarinnar sé okkar eigin

(Guðmundur Heiðar Frímansson, 2018, bls. 173).

3. Sjálfræði og menntun

Í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er fjallað um hlutverk skólanna. Hlutverk leikskólans er að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun. Hlutverk grunnskólans í samvinnu við heimilin er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Að lokum er hlutverk framhaldsskólans að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Samkvæmt lögum er það mikilvægasta í starfi skólanna að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi (Lög um leikskóla nr. 90/2008, Lög um grunnskóla nr. 91/2008, Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008).

Þegar skoðaðar eru námskrár leik-, grunn og framhaldsskóla kemur fram að skólastofnanir eru helstu stofnanir samfélagsins sem tryggja að allir fái tækifæri til að undirbúa sig fyrir lýðræðislega þátttöku, þjálfra gagnrýna og skapandi hugsun og mæta ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum. Þetta gera skólarnir með því að virða mannréttindi nemenda og virkja hæfileika og þroska þeirra til að taka ákvarðanir um líf sitt og taka þátt í að móta samfélagið. Skólastarfið á að vera byggt þannig upp að börn og ungmenni geti tekið virkan þátt í lýðræðislegu samfélagi hvort sem er innan skólans eða utan. Menntun barna og ungmenna á að leiða til þess að þau geti betur tekið þátt í mótun samfélagsins og hafi þannig sýn á lífið til framtíðar (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 12–18, Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 7, Aðalnámskrá framhaldsskóla, 2011, bls. 19).

Námskrár og lög um skóla leggja þannig áherslu á að mennta börn og ungmenni til að geta tekið þátt í lýðræðislegu samfélagi, að þau fái tækifæri til að taka ákvarðanir og þjálfu með sér skapandi og gagnrýna hugsun. Þar sem það er hlutverk skóla að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi er nauðsynlegt að skólar starfi í lýðræðislegum anda (Carr, 2000, bls. 234) en til þess er sjálfræði einstaklingsins nauðsynlegt, þar sem fólk sem ekki er fær um sjálfræði, hefur ekki til þess nægan þroska, hyggjuvit eða þekkingu, getur ekki tekið þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Þroski, hyggjuvit og þekking er einstaklingum nauðsynlegt til að þróa með sér siðferðilega vitund en siðferði er einmitt þáttur sem reynt er að rækta í

skólagöngunni. Siðferðileg kennsla felst meðal annars í að innræta nemendum virðingu fyrir yfirvaldi og eldra fólki en mikilvægara er að nemandinn sé siðferðilega sterk manneskja sem geti brugðist við skoðunum sem eru ógeðfeldar, fordómafullar eða spilltar og hafnað ranglátu eða beinlínis illu yfirvaldi hvaðan svo sem það sækir umboð sitt (Carr, 2000, bls. 193).

Samkvæmt Carr er ekki hægt að aðskilja skólun og menntun (e. schooling and education) í siðfræðilegri kennslu. Það er hægt að fá þjálfun/skólun í ýmsum greinum, t.d. stærðfræði, smíðum eða heimilisfræði án þess að undir búi mikil fræðsla/menntun, hægt er að læra handtökin án þess að skilja fræðin. Þessu er ekki fyrir að fara í siðfræðinni. Almennileg siðfræðileg kennsla ýtir undir gagnrýna hugsun og þar með sjálfræði nemenda og þeir fara að efast um viðteknar hefðir og skoðanir og jafnvel sýna ófyrirleitni gagnvart siðum og viðmiðum samfélagsins. Skólinn getur fengið gagnrýni fyrir lélega siðferðilega kennslu, að kenna nemendum ekki „að haga sér“, þegar einmitt hið gagnstæða á sér stað. Þegar skóli er rekinn þannig að þau fullorönu starfa eftir ströngum fyrirskipunum er ólíklegt að nemendur læri hvað felst í ábyrgri lýðræðislegri þátttöku. Sjálfræði er þannig nauðsynlegur þáttur til að tryggja meginmarkmið laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla (Carr, 2000, bls. 190–237).

3.1 Sjálfræði nemenda

Þeir sem helst gæta sjálfræðis barna eru foreldrar, forráðamenn og hið opinbera. Réttur barna til opinnar framtíðar felst í að tryggja sjálfræði þeirra síðar á lífsleiðinni. Þegar á fullorðinsár er komið eiga þau að geta gætt eigin réttar án áhrifa frá öðrum. Börn eiga rétt á öryggi, fæði, húsaskjólí o.s.frv. Bæði þegar börn eru á ungaaldri og upp öll uppvaxtarárin þarf að huga að þessum þáttum þannig að framtíðarmöguleikar þeirra skerðist ekki. Það sem við leggjum upp með í uppeldi og það sem við veljum fyrir barnið getur haft áhrif á sjálfræði þess síðar meir. Þetta er mjög vandasamt verkefni fyrir foreldra þar sem gjörðir þeirra geta haft áhrif síðar, skapað ákveðinn farveg sem börnum er beint í meðvitað eða ómeðvitað. Feinberg kallar þetta réttinn til opinnar framtíðar þar sem þeir fullorönu verði að gæta þess að beina ekki börnunum á einhverja ákveðna braut umfram aðra (Feinberg, 2007, bls. 112–114). Hagsmunaárekstrar milli foreldra og hins opinbera geta komið upp varðandi hvað sé

best fyrir barnið. Foreldrar geta staðið frammi fyrir því að þurfa að velja milli þess sem er best fyrir þá sjálfa eða barnið og telja jafnvel að ákvarðanir þeirra séu til þess að gæta réttar barnsins þó þær séu í raun fyrir þá sjálfa. Þetta er flókið verk og ekki er hægt að komast hjá því að foreldrar hafi áhrif á framtíð barna sinna en ef skynsemin ræður þá ætti að takast að halda mörgum möguleikum opnum og gæta hagsmuna þeirra þannig að þau hafi tækifæri til að nota sjálfræði á fullorðinsaldri.

Sjálfræðið mótast samt ekki bara af foreldrum heldur einnig af ytri ástæðum þar sem m.a. skólakerfið hefur áhrif. Ytri ástæður geta orðið að innri ástæðum. Skólinn hvetur börnin áfram í byrjun en svo dregur úr áhrifum hans og smám saman stýrist einstaklingurinn af innri ástæðum. Sjálfræðið snýst um ákvarðanir okkar um eigið líf. Til þess að ákvarðanir okkar verði okkar eigin verða hvatirnar sem kveikja langanirnar að stafa af okkar eigin vilja (Guðmundur Heiðar Frímansson, 2010, bls. 37).

Áhersla íslenska menntakerfisins á einstaklingsmiðað nám og kröfur um að nemendur setji sér eigin markmið eiga rætur í hugmyndinni um sjálfræði. Í staðinn fyrir að vera viðtakendur þess sem kennarinn miðlar eiga þeir að vera sjálfstæðir og stýra námi sínu að einhverju leyti sjálfir, hafa meira frelsi og sjálfræði (Dearden, 1972, bls. 448–449). Börn geta verið ófær um að ráða við frelsið sem þeim er veitt sökum skorts á sjálfræði en fá þau ekkert frelsi geta þau ekki öðlast sjálfræði (Dearden, 1972, bls. 451). Erfitt er að segja að til sé fullkomið sjálfræði því það er alltaf eitthvað í umhverfi okkar sem hefur áhrif á hvernig við hugsum, veljum, líður og hvernig við tökum ákvarðanir. Lína Langsokkur lifði til dæmis algjörlega sjálfstæðu lífi en átti erfitt með samskipti við aðra og í erfiðleikum með að fara eftir reglunum í umhverfinu. Barn sem fengi sama uppeldi og hún ætti erfitt með að lifa í samfélagi við aðra. Sjálfræði kemur smám saman og ungt barn getur ekki verið ómótað eða frjálst (Feinberg, 2007, bls. 118–122).

3.2 Faglegt sjálfræði kennara

Kennarastarfið er eitt þeirra starfa þar sem færni og þekking kennarans er ekki það eina sem skiptir máli fyrir nemendur og foreldra þeirra. Þannig getur það vegið þyngra hvers konar manneskja kennarinn er og hvaða lífsskoðanir hann hefur. Þessir þættir geta skipt höfuðmáli fyrir faglegt starf hans (Carr, 2000, bls. 226). Foreldrar

vilja vissulega að kennarinn sé faglega starfi sínu vaxinn en líklega skiptir það þá meira máli að fela barn sitt í hendur siðferðilega þroskaðar manneskju (Carr, 2000, bls. 186). Þannig gerum við þá kröfu til bifvélavirkja að hann geti lagað bílinn okkar, en minna máli skiptir hvort hann haldi fram hjá maka sínum eða sé meinfýsinn, hvort hann sé siðferðilega vönduð mannvera.

Hins vegar eru allir kennarar siðferðileg fyrirmynd fyrir nemendur og þurfa því að hafa yfir að búa sjálfstæðri siðvitund og hugsun. Stofnanabundinn þankagangur eða lærd tækni og kennsluaðferðir duga ekki til. Sá sem ekki hefur þroskað með sér sjálfræði og hefur þannig ekki myndað sér sitt eigið gildismat og siðareglur, heldur mótttekið og farið eftir ytri áhrifum án innri ígrundunar, hefur þannig ekki öðlast þann siðferðilega grundvöll sem nauðsynlegur er til að takast á hendur það hlutverk að vera þessi fyrirmynd. Sjálfræði og siðvitund eru þannig systur sem hvor getur án hinnar verið (Carr, 2000, bls. 186).

Siðferðileg kennsla felst í fleiru en að innræta nemendum viðmið og norm samfélagsins (Carr, 2000, bls. 189). Fyrir utan að vera fyrirmyndir fyrir nemendur þurfa kennarar einnig oft á tíðum að taka afstöðu til ýmissa álitamála, bæði faglegra og eins varðandi málefni einstakra nemenda. Þarna reynir á sjálfræði kennaranna og því mikilvægt að nægt rými sé gefið til að það geti þroskast. Þegar ákvarðanir vegna vandamála sem upp koma í starfinu þarf að taka samstundis og enginn tími gefst til ígrundunar eða umhugsunar reynir á það sem kallað hefur verið fagleg viska (e. professional wisdom). Sú viska byggir á reynslu kennarans og að hann hafi öðlast hana með ígrundun í starfi sem byggist annars vegar á fræðilegri hagnýtri þekkingu og hins vegar á sjálfræði (Ragnhildur Bjarnadóttir, 2015, bls. 85).

Að sjálfsögðu er því þó ekki þannig farið að hver kennari geti haft algert sjálfræði um allt sitt starf, hvað hann kennir, hver markmiðin með kennslunni eru eða hvenær hann kennir. Mikilvægt er að hann hafi eitthvað um þessi atriði að segja. Ekki er hægt að líta svo á að neitt af þessu skerði sjálfræði kennarans svo framarlega sem hann meðtaki forsendurnar fyrir ákvörðununum um þessi atriði og sé þeim samþykkur. Kennarinn hefur talsvert sjálfræði um það hvernig hann kennir og hvaða aðferðum hann beitir til að ná markmiðunum. Það verður því að gera þá faglegu kröfu til kennara að þeir taki afstöðu til þessara atriða og þá aðeins að þeir séu ósammála þeim er hægt að segja að verið sé að skerða sjálfræði þeirra.

Þannig er hægt að tala um að það að hlýða í blindni sé ósamrýmanlegt faglegu sjálfræði. Við eigum að vera ábyrg gerða okkar bæði í starfi sem og einkalífi.

Ef krafa er gerð um algera hlýðni getum við ekki borið ábyrgð á afleiðingum þess. Við verðum að hafa val um hvort við hlýðum eða ekki. Ábyrgðin verður vissulega okkar sjálfra ef við hlýðum af fúsum og frjálsum vilja, erum sjálfráð um þá ákvörðun, hvort sem við vorum að fylgja skipunum eða ekki (Guðmundur Heiðar Frímansson, 2018, bls. 167). Þegar aðstæður eru þannig að við höfum ekkert val, erum nauðbeygð til hlýðni, þá er verið að skerða sjálfræði okkar. Sjálfræði felst nefnilega í því að hvaða marki það sem við hugsum og gerum er hægt að útskýra með vísun í okkar eigin innra hugarstarf. Undirlægni getur þannig aldrei samrýmst sjálfræði, heldur hlýtur það að byggjast á eigin vali, vangaveltum, ákvörðunum, umhugsun, áformum og rökhyggju (Dearden, 1972, bls. 453).

4. Sjálfræði og gott líf

Miðað við það hve mikilvægt sjálfræðið virðist vera hverri manneskju mætti ætla að ekki væri hægt að eiga gott líf án þess. Getum við þá sagt að þau sem öðlast aldrei þennan eiginleika hafi ekki lifað góðu lífi? Þau gætu hafa verið sátt við líf sitt og liðið vel þrátt fyrir að hafa ekki tekið eigin ákvarðanir um hvaða farveg það tók. Það er því ekki augljóst að sjálfræði sé forsenda fyrir góðu lífi.

Ætla má að þau sem tekið hafa sjálfstæðar ákvarðanir um eigið líf með sjálfræði að vopni geti hins vegar verið sáttari við sitt, að hið besta líf öðlist fólk ekki nema með sjálfræði. Þannig að þau sem ekki hafi haft stjórn á eigin lífi, ávallt lotið annarra stjórn og ákvörðunum eða flotið hugsunarlaust með meginstraumnum hafi ekki lifað eins góðu lífi þrátt fyrir að hafa mögulega búið við meiri efnisleg gæði (Guðmundur Heiðar Frímansson, 2018, bls. 185–186). Sjálfræði virðist láta fólki líða vel. Það styrkir það að vita að það ráði sér sjálft og stjórnist af eigin vilja. Meira að segja lítil börn fá mikla ánægju út úr því að gera hlutina sjálf. Sjálfræði er þannig stór hluti af góðri sjálfsmynd (Dearden, 1972, bls. 460).

Frelsið er einstaklingnum ákaflega mikilvægt og þá ekki aðeins að vera frjáls ferða sinna heldur einnig að vera frjáls gjörða sinna og ákvarðana. Eins og fram hefur komið eru sterk tengsl milli frelsis og sjálfræðis þó vissulega sé möguleiki á að hvort geti án hins verið. Þegar frelsi og sjálfræði fer saman má frekar búast við að fólk sé ánægt en þegar einungis annað hvort er til staðar eða hvorugt. Manneskjum

er nauðsynlegt að búa við frelsi til að sjálfræðið nýtist okkur og eins er frelsið sjálft lítils virði ef við búum ekki yfir nægu sjálfræði til að njóta þess.

Frelsi og sjálfræði er nauðsynlegt til hagsældar og farsældar bæði fyrir einstaklinga og samfélagið í heild sinni. Hagsæld felst í því hve mikil afköst okkar eru og afkomunni sem af þeim hlýst en farsæld er það að farnast vel í lífinu og líða vel. Án farsældar er ekki von á mikilli hagsæld og hún er því ákaflega mikilvæg einstaklingnum (Vilhjálmur Árnason, 2010, bls. 15–29). Til að öðlast gott líf má því gera ráð fyrir að einstaklingur verði að búa við farsæld. Sá sem ekki nýtur farsældar í sínu lífi lítur varla á það sem gott. Hins vegar getur manneskja sem ekki nýtur hagsældar talið líf sitt harla gott líði henni vel og hafi farnast vel, þ.e. notið farsældar.

Annað sem getur hamlað góðu lífi er þegar langanir manns stangast á. Þar getur verið um að ræða löngun til að standa sig í vinnu og hljóta framgang í starfi annars vegar og hins vegar að vilja verja tíma með fjölskyldunni, mynda sterk og varanleg tengsl við sína nánustu og njóta samvista við þau. Án sjálfræðis getur verið ómögulegt að ná jafnvægi milli þessara tveggja langana þar sem ekki er hægt að uppfylla þær báðar að fullu. Þarna gegnir sjálfsþekking og skarpskyggni veigamiklu hlutverki. Með því að skilja eigin getu og þarfir ásamt því að átta sig á löngunum og óskum ástvina og hafa yfir að búa nægri skynsemi til að geta skoðað kosti og afleiðingar mismunandi ákvarðana er möguleiki að hægt sé að koma til móts við báðar langanir þannig að ásættanlegt er. Sumir þurfa að taka slíkar ákvarðanir oft en aðrir, jafnvel daglega, og veita og meta þá aðstæður hverju sinni. Með tímanum mótar það lundarfar þeirra og skapgerð sem hefur þá áhrif á langanir og þrár. Þannig má segja að skynsemin hafi mestu áhrifin á lundarfar okkar yfir langt tímabil (Guðmundur Heiðar Frímannsson, 2010, bls. 35–36). Þegar koma þarf til móts við tvær andstæðar langanir til að öðlast gott líf virðist sjálfræðið því skipta miklu máli.

Rétt eins og langanir stýra gjörðum manns hefur ásetningur einnig mikið að segja. Hægt væri að halda því fram að ásetningur hljóti alltaf að myndast út frá löngun. Fari einhver í fiskbúð með þann ásetning að kaupa ýsu í kvöldmatinn getur sá ásetningur hafa skapast út af löngun í ýsu eða skilningi á því að ýsa sé holl fyrir mann og þá löngun til þess að borða hollan mat. Hvort heldur sem um er að ræða gæti það gerst að löngunin í annað fiskmeti yrði ásetningnum um ýsukaupin yfirsterkari eða að löngunin til að standast freistingarnar og halda sig við ásetninginn hefði yfirhöndina (Atli Harðarson, 2015, bls. 106–122).

Skilningur, ásetningur og langanir eru þannig allt hluti af því sem stjórnar athöfnum okkar og við verðum að hafa stjórn á. Annað sem ræður gjörðum okkar er ávanabundin hegðun eins og til dæmis að naga á sér neglurnar. Sá sem gerir það og getur ekki hætt því þrátt fyrir einskæra löngun og ásetning er að bregðast sjálfum sér og getur varla talist sjálfráður gjörða sinna. Að sama skapi er sá sem nær ekki að bæla frá sér einhverri hugsun og einbeita sér að öðru að bregðast sjálfum sér með sama hætti (Atli Harðarson, 2015, bls. 106–122).

Sjálfræði sem hæfileikinn til að takast á við eigin langanir og hafa stjórn á þeim, standa við ásetning og geta tekið ákvarðanir út frá skilningi á viðfangsefnum frekar en löngunum eða ávanabundinni hegðun er mikilvægur hluti þess að eiga gott líf. Segja má að sjálfræði sé einn mikilvægast eiginleiki okkar og undirstaða lýðræðis þar sem mikilvægt er að hver og einn myndi sér eigin skoðun en fylgi ekki öðrum umhugsunarlaust (Guðmundur Heiðar Frímannsson, 2018, bls. 165).

5. Lokaorð

Eiginleikinn sjálfræði felur þannig í sér að einstaklingurinn hafi mótað sér sínar eigin innri reglur með ígrundun og skynsemi. Hann hafi sjálfstætt gildismat sem stjórn á ákvörðunum hans frekar en ytri þættir. Þessar reglur og gildismat geta stafað af félagsmótun, gagnrýninni hugsun eða sjálfsmýnd og persónuleika en mikilvægt er að þær séu meðteknar sem manns eigin reglur. Einstaklingurinn er líka sjálfráður þó að hann nýti ekki sjálfræði í öllum athöfnum daglegs lífs eða taki ávallt meðvitaðar ákvarðanir jafnvel um minnstu smáatriði. Hann verður þó að geta eftir íhugun samþykkt að ákvarðanirnar og gjörðirnar samræmist innra gildismatinu því annars verður hann að hafa talist ósjálfráður gjörða sinna.

Menntun virðist einnig að miklu leyti snúast um að efla sjálfræði nemenda. Þó skiptar skoðanir séu um hvort hægt sé að kenna sjálfræði eða hvort það komi af sjálfu sér með ákveðnum þroska virðist allt benda til þess að mikilvægt sé að leggja áherslu á þá þætti sem stuðla að sjálfræði, þ.e. gagnrýninni hugsun, efla nemendur sem siðferðisverur og búa þá smám saman með síauknu frelsi til athafna til þátttöku í samfélaginu. Til þess að ná þessum markmiðum er ljóst að kennarar verða að búa

yfir töluverðu faglegu sjálfræði í sínum störfum svo þeir geti verið fyrirmyndir nemenda hvað þetta varðar.

Eðlilegra væri að tala um að kenna nemendum til sjálfræðis frekar en að tala um að kenna þeim sjálfræði. Þá ekki síst í því ljósi að sjálfræði virðist vera undirstöðuatriði þess að stjórna eigin löngunum og öðlast farsæld sem er grundvöllur þess að eiga gott líf sem maður getur talið sitt eigið.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá framhaldskóla 2011: Almennur hluti /2011

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Aðalnámskrá leikskóla 2011: /2011

Atli Harðarson. (2015). Skynsamleg sjálfstjórn. *Hugur* 27, bls. 106–122.

Callan, E. (1988). *Autonomy and Schooling*. Kingston og Montreal: McGill-Queen's University Press.

Carr, D. (2000). *Professionalism and ethics in teaching*. London: Routledge.

Dearden, R. F. (1972). Autonomy and Education. Í Dearden, R. F., Hirst, P. H. og Peters, R. S. (ritstjórar), *Education and the development of reason* (bls. 448–465). London: Routledge and Kegan Paul.

Feinberg, J. (2007). The child's right to an open future. Í R. Curren (ritstjóri), *Philosophy of Education. An Anthology* (bls. 112-123). Malden MA: Blackwell's Publishing.

Guðmundur Heiðar Frímannsson. (2010). Sjálfræði, gott líf og uppeldi. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstjórar), *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags* (bls. 31-43). Reykjavík: Siðfræðistofnun Háskólaútgáfan.

Guðmundur Heiðar Frímannsson. (2018). *Skólar og lýðræði: Um borgaramenntun*. Reykjavík: Háskólinn á Akureyri og Háskólaútgáfan.

Hand, M. (2006). Against autonomy as an educational aim. *Oxford Review of Education*, 32(4), 535–550. doi:10.1080/03054980600884250

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Ragnhildur Bjarnadóttir. (2015). *Leiðsögn – Lykill að starfsmenntun og skólaþróun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Shapira-Lishchinsky, O. (2011). Teachers' critical incidents: Ethical dilemmas in teaching practice. *Teaching and Teacher Education*, 27, 648–656. doi:10.1016/j.tate.2010.11.003

Vilhjálmur Árnason. (2010). Frjálsræði og sjálfræði: Uppeldi til frelsis í neytlusamfélagi. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstjórar), *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags* (bls. 15-29). Reykjavík: Siðfræðistofnun Háskólaútgáfan.